

**Mál nr. 467/2012**  
**M og**  
**Vátryggingafélagið V v. Frjálsrar ábyrgðartryggingar S**

**Maður slasaðist þegar stigi rann undan honum þ. 15.11.2009.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 23.10 ásamt fylgiskjöllum 1-8
2. Bréf V dags. 9.11.2012.

**Málsatvik.**

M var við vinnu og var að fara ofan í kjallara í húsi þar sem hann vann við endurbyggingu og stækkun á húsinu. Þegar M ætlaði að fara niður stigann þá rann hann undan honum í bleytu af því er M segir með þeim afleiðingum að M féll og slasaðist. M krefst bóta úr frjálsri ábyrgðartryggingu S sem var aðalverktakinn á vinnusvæðinu og segir að starfsmenn S hafi séð um að koma stiganum fyrir og beri ábyrgð á honum, en stiginn hafi ekki verið festur í umrætt sinn. M var starfsmaður annars félags en S þegar slysið varð, en M telur að það hafi verið í verkahring S að sjá um að tilkynna slysið til lögreglu og vinnueftirlits, en það var ekki gert. V hafnar bótaskyldu og telur að slysið megi rekja til óhappatilviljunar og/eða aðgæsluleysis M og til vara telur V að lækka eigi bætur til M vegna eigin sakar verði talið að M eigi rétt á bótum. V segir að M sé eigandi annars félags en S sem var að vinna við húsið. Stiginn sem um ræðir sé í eigu S og hafi hann ekki verið fastur en ekki vanbúinn að öðru leyti. V segir engan ágreining um atvik málsins. Ágreiningur í málinu segir V vera hvort S hafi borið ábyrgð á því að stiginn væri festur og telur V að M beri a.m.k. jafn ríka ábyrgð og S að gengið væri frá stiganum með tryggilegum hætti. Þá bendir V á að bæði eigandi S og M hafi mikla og langa reynslu af byggingarstarfsemi og fráleitt að M gæti gengið út frá því að S bæri alfarið ábyrgð á öryggi á vinnustað. V segir að í tilviki M og S þá sé ekki um samband starfsmanns og vinnuveitanda að ræða heldur samband tveggja jafnsettra fagmanna. Af þeim sökum segir V hafi það verið á ábyrgð M að ganga úr skugga um öryggi stigans áður en notkun hans hófst. Í ódagsettri yfirlýsingu Sæbjörns Vigfússonar kemur fram að slys M hafi orðið með þeim hætti sem hann lýsir og það hafi verið í verkahring S að festa stigann en það hafi gleymst. Í yfirlýsingu Hafþórs Þorbergssonar dags. 23.8.2012 að slysið hafi orðið með þeim hætti að stiginn hafi raunnið undan M og hann fallið niður með stiganum.

**Álit.**

Ekki er ágreiningur um málsatvik. Það er hins vegar ágreiningur um það hvort það var á ábyrgð S fremur en M að festa stigann sem um ræðir. Gögn málsins upplýsa ekki nægjanlega vel með hvaða hætti var staðið að framkvæmdum í húsinu sem um ræðir þá sérstaklega í kjallaranum sem M var á leið í þegar slysið varð. Þá liggja ekki fyrir fullnægjandi gögn sem sanna að það hafi verið á ábyrgð S að festa stigann sem um ræðir frekar en M. Ein ódagsett og óvottfest yfirlýsing einstaklings sem ekkert liggur fyrir um hvernig tengist málinu og aðilum, liggur fyrir í málinu. Í þessari yfirlýsingu segir að það hafi verið í verkahring S að festa stigann. Slík yfirlýsing ein og sér getur ekki talist fullnægjandi sönnun um ábyrgð S. Miðað við fyrirliggjandi gögn er því ekki nægjanlega sannað að það hafi verið á ábyrgð S frekar en tjónþola að festa umræddan stiga. Af þeim ástæðum verður ekki kveðið á um að M eigi rétt á bótum miðað við fyrirliggjandi gögn.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu S hjá V.

Reykjavík 11.12.2012

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.